



Ársreikningur 2025

Stefnir hf.
Borgartúni 19
105 Reykjavík

Kt. 700996-2479

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	4
Áritun óháðs endurskoðanda	7
Rekstrarreikningur	9
Efnahagsreikningur	10
Sjóðstreymisyfirlit	11
Skýringar	12
Stjórnarháttayfirlýsing Stefnis hf. 2026	18
Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins (EU Taxonomy)	23
Ársreikningur Verðbréfasjóða	26
Samandreginn ársreikningur verðbréfasjóða	27
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður langur hs.	28
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður millilangur hs.	34
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður óverðtryggður hs.	40
Stefnir - Ríkisskuldabréf verðtryggð hs.	45
Stefnir - Grænaval hs.	51
Stefnir - Scandinavian Fund - ESG hs.	57
Stefnir - Sustainable Arctic Fund hs.	63
Skýringar með ársreikningi verðbréfasjóða	69

Efnisyfirlit, frh.

Ársreikningur sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta	73
Samandreginn ársreikningur sérhæfðra sjóða	74
Stefnir - Innlend hlutabréf hs.	75
Stefnir - Innlend hlutabréf Vogun hs.	81
Stefnir - Arðgreiðslusjóður hs.	87
Premía A skuldabréfasafn hs. (áður Eignaval A hs.)	93
Premía B - hámark 25% hlutabréf hs. (áður Eignaval B hs.)	99
Premía C - hámark 50% hlutabréf hs. (áður Eignaval C hs.)	107
Premía D - hámark 75% hlutabréf hs. (áður Eignaval D hs.)	114
Premía E - hlutabréfasafn hs. (áður Eignaval - Hlutabréf hs.)	120
Stefnir - Samval hs.	127
Stefnir - Lausafjár sjóður hs.	134
Stefnir - Skuldabréfaval hs.	140
Stefnir - Sparifjár sjóður hs.	149
Stefnir - Vaxtasjóður hs.	157
Stefnir - Sjálfbær skuldabréf	165
Premía F - erlent safn hs. (áður Eignaval Erlent hs.)	171
Skýringar með ársreikningi sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta	177

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Stefnir hf. er sjálfstætt starfandi fjármálastofnun skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Félagið starfar á grundvelli starfsleyfa frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands sem rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt heimild í lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða samkvæmt heimild í lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Auk þess tekur starfsleyfi rekstrarfélagsins til eignastýringar, fjárfestingaráðgjafar og vörslu og umsýslu hlutdeildarskírteina eða hluta sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

Stefnir er rógroíð íslenskt sjóðastýringarfyrirtæki með rúmlega 379 milljarða króna í virkri sjóðastýringu. Stefnir er dótturfélag Arion banka hf. og tengds félags og er A-hluti ársreiknings hluti af samstæðureikningi bankans og dótturfélaga hans.

Ársreikningi félagsins er skipt í tvo hluta, A-hluta sem inniheldur ársreikning Stefnis hf. og B-hluta sem inniheldur ársreikning verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða markaðssettra til almennings. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða og rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Starfsemi á árinu

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu að fjárhæð 925 milljónir króna samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í lok ársins nam tæpum 2,8 milljörðum króna samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárhlutfall sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 62,7% en samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%.

Hlutfé félagsins nam í upphafi og lok ársins 43,5 milljónum króna og var það allt í eigu Arion banka hf. og tengds félags.

Stjórn Stefnis gerir tillögu til aðalfundar um arðgreiðslu vegna ársins 2025 að fjárhæð 850 milljónir króna.

Helstu atburðir í rekstri félagsins á árinu

Aðalfundur Stefnis fór fram 7. maí 2025 og þar var tekin ákvörðun um 1.100 mkr. arðgreiðslu til hluthafa. Stjórn félagsins, sem kjörin var á fundinum er skipuð Jóni Óttari Birgissyni, stjórnarformanni, Hrefnu Ösp Sigfinnsdóttur, meðstjórnanda og Kristínu Maríu Dýrfjörð, meðstjórnanda. Félagið starfrækir endurskoðunar- og áhættunefnd og starfskjaranefnd. Framkvæmdastjóri félagsins er Jón Finnbogason.

Þróun eigna í stýringu

Eignir í virkri stýringu jukust á árinu um 43 milljarða króna eða úr rúmum 336 milljörðum króna í rúma 379 milljarða króna. Hækkunin skýrist að mestu af innflæði í nýstofnaða sjóði ásamt jákvæðri ávöxtun á árinu. Dreifing eignaflokka í stýringu er góð og tekjusaksetning félagsins í samræmi við markmið stjórnar.

Efnahagslíf bæði innanlands og erlendis setur svip sinn ávöxtun sjóða með misjöfnum hætti þetta árið. Efnahagsleg og pólitísk óvissa sem á rætur að rekja til Bandaríkjanna sem í gegnum utanríkisstefnu sína hefur kveðið tón sem fylgst er vel með en áhrif þessa hafa aukið óvissu á fjármagnsmörkuðum bæði til skemmri og lengri tíma. Styrking krónunnar gagnvart Bandaríkjadal nam tæpum 10% en krónan veiktist um tæp 3% gagnvart evru. Innanlands hafa áföll útflutningsgreina, sérstaklega á haustmánuðum, aukið atvinnuleysi en jafnframt virðist verðbólgan, sem mældist 4,5% í desember, þrálát og peningalegt taumhald þétt. Engu að síður lækkuðu stýrivextir Seðlabankans um 1,25 % á árinu sem ætti að styðja við að færsla sparnaðar frá innlánsreikningum yfir í aðra fjárfestingarkosti aukist.

Töluverður munur var á ávöxtun erlendra og innlendra hlutabréfa á árinu sem leið. Heimsvísitala erlendra hlutabréfa MSCI World Index hækkaði um 21,6%, á meðan arðsleiðrétt úrvalsvísitala innlendra hlutabréfa OMXI15GI hækkaði um 0,4%. Hefðbundin, innlend arðgreiðslufélög skiluðu betri ávöxtun á árinu og endurspeglast það í því að Stefnir – Arðgreiðslusjóður var eini innlendi hlutabréfasjóður ársins með jákvæða ávöxtun.

Stefnir tók skref á árinu til hagsbóta fyrir eigendur þeirra sjóða sem Stefnir stýrir. Félagið lækkaði þóknarir Premíu sjóða og felldi einnig niður gengismun allra sjóða og er nú ekkert lágmark við kaup í sjóðum. Með því að lækka kostnað og ryðja úr vegi takmörkunum um lágmarks fjárhæð einstakra viðskipta, teljum við að félagið sé að leggja sitt af mörkum við að efla möguleika allra til reglubundins sparnaðar á verðbréfamörkuðum. Til skemmri tíma er áætlað að þessar breytingar hafi áhrif á rekstrartekjur félagsins en ljóst er að breiðari hópur viðskiptavina sem fjárfestir í fjölbreyttu sjóðaúrvali Stefnis býr til sterkan tekjugrunn til framtíðar

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.

Fjöldi viðskiptavina jókst á árinu um 11% og eru þeir nú um 13.700 talsins. Áskriftir í sjóði Stefnis jukust verulega á árinu eða um 40% í fjölda þeirra sem skráðu sig í áskrift í sjóði frá fyrra ári. Vinsælasti áskriftarsjóður Stefnis er áfram Stefnir – Samval en Katla Fund – Global Equity hefur einnig notið mikilla vinsælda meðal nýrra viðskiptavina. Fjöldi reglubundinna áskrifta í sjóðum Stefnis hefur því aldrei verið meiri enda aldrei verið einfaldara og þægilegra að eiga viðskipti með sjóði Stefnis í Arion appinu. Þá hefur verkefnið Konur fjárfestum skilað auknum og stærri viðskiptum kvenna sem er ánægjuleg þróun.

Vörubróun Stefnis hefur ávallt verið einn af þeim lykilþáttum sem hafa stutt við vöxt og samkeppnishæfni Stefnis og má meðal annars rekja góða dreifingu tekna félagsins til nýsköpunar og vörubróunar innan allra teyma félagsins.

Á vormánuðum hófst þróun á sjóðum sem tengjast fasteignatengdum verkefnum en starfsfólk Stefnis býr yfir bæði þekkingu og reynslu af stofnun og rekstri slíkra sjóða. Stefnir, í samstarfi við nokkur byggingafélög, kom fram með nýtt sameignarform til að auðvelda fólki að kaupa íbúðarhúsnæði. Þessari nýjung hefur verið vel tekið og jafnframt hefur mikil umræða skapast um hana. Í árslok höfðu níu byggingafélög stofnað sameignarsjóð sem allir eru í stýringu hjá Stefni.

Á árinu hafa verið stofnaðir tveir sjóðir sem báðir hafa skráð skuldabréf sín hjá Nasdaq OMX. Sjóðurinn SÍL 3 hs. sem er rúmlega 7 milljarða lánasjóður og SEL II hs. sem gaf sömuleiðis út höfuðstólstryggt skuldabréf fyrir rúmlega 32 milljónir USD. Útgáfa skuldabréfanna eykur aðgengi fagfjárfesta að sérhæfðum útgáfum sem dreifir áhættu eignasafna þeirra með fjárfestingu í sérhæfðum eignaflokkum og sjáum við fram á frekari vörubróun á þessu sviði á næstu árum.

Á árinu gekk SÍA IV, framtakssjóður í stýringu Stefnis sem er að stærstum hluta í eigu lífeyrissjóða, frá kaupum á meirihluta hlutafjár í Internet á Íslandi hf. (ISNIC). ISNIC er skráningarstofa landshöfuðlensins .is. Þessi kaup eru síðasta nýja fjárfestingin í SÍA IV, þar sem fjárfestingatímabili sjóðsins er nú lokið.

Framtakssjóðurinn SÍA V slhf. var stofnaður á árinu, en hann er fimmti sjóðurinn í framtakssjóðaröð Stefnis. Áskriftir í sjóðinn námu rúmum 15,2 ma.kr., og er hann að mestu í eigu lífeyrissjóða. Markmið sjóðsins er að hámarka arðsemi hluthafa með fjárfestingum í íslensku atvinnulífi. Sjóðurinn er áhrifafjárfestir og hefur verulega aðkomu að stjórnun þeirra félaga sem hann fjárfestir í og beitir sér fyrir framgangi viðkomandi fyrirtækja. Sjóðurinn fellur undir 8.gr SFDR og hefur því skilgreint verklag í tengslum við umhverfis- og félagsþætti sem horft verður til við mat á fjárfestingarkostum.

Greiningarstarf félagsins styður við ákvarðanatöku í sjóðum Stefnis og hefur teymi greinenda birt útdrætti úr greiningum á samfélagsmiðlum Stefnis. Áhersla er lögð á að fylgja greiningum eftir með faglegri umfjöllun og hafa bæði greinendur og stjórnendur félagsins tekið þátt í umræðum og fræðslu um markaði, efnahagshorfur og sjálfbærni.

Ófjárhagslegar upplýsingar, ábyrgar fjárfestingar, stjórnarhættir og áhættustýring

Hlutverk Stefnis er að stýra fjármunum í eigu viðskiptavina með hagsmuni þeirra að leiðarljósi. Ábyrgir og fjölbreyttir fjárfestingarkostir og ítarleg upplýsingagjöf eru lykilatriði í framkvæmd og sýnileika þeirrar samfélagsábyrgðar sem Stefnir vill viðhafa. Með því að taka tillit til umhverfismála, félagslegra þátta og góðra stjórnarháttanna teljum við að félagið geti haft jákvæð áhrif á samfélag okkar, eigendum í sjóðum og öðrum haghöfum til góðs. Ófjárhagsleg upplýsingagjöf skv. 66 gr. d. laga nr. 3/2006 má nálgast á heimasíðu Stefnis sem vinnur skráningu ófjárhagslegra upplýsinga eftir UFS viðmiðum NASDAQ sem finna má á heimasíðu þess <https://www.nasdaq.com/ESG-Guide>.

Stjórn Stefnis hefur sett félaginu stefnu um ábyrgar fjárfestingar og er stöðugt unnið að innleiðingu hennar með því að samþætta hana við fjárfestingaferla og við samval fjárfestinga. Stefnir skilar framvinduskýrslu til PRI (UN Principles for Responsible Investment) árlega en það er stærsti alþjóðlegi upplýsingavettvangur um ábyrgar fjárfestingar.

Áhættustýring og virkt innra eftirlit er ein af meginstöðum ábyrgs reksturs sjóðastýringarfyrirtækis. Stjórn Stefnis hefur samþykkt áhættustýringarstefnu og tekur hún til stýringar áhættu vegna eigna og eignasafna verðbréfa- og sérhæfðra sjóða markaðssettra til almennings. Áhættuvilji félagsins hefur verið skilgreindur og fylgist stjórn Stefnis með lykilmælikvörðum í rekstri félagsins með reglubundnum hætti. Helstu áhættur í rekstrarumhverfi Stefnis eru kortlagðar árlega. Greining og mæling á þeim áhættum sem félagið getur staðið frammi fyrir hefur verið gerð með skipulögðum hætti og er stjórn kynnt álit áhættustýringar og innra eftirlits með reglulegri skýrslugjöf. Aðgerðir til stýringar og mildunar mögulegra áhættuþátta eru mikilvægar til að tryggja rekstraröryggi félagsins.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.

Stefnir hefur hlotið og viðhaldið ISO vottun 27001:2022 á sviði upplýsingatækni og jafnlaunavottun samkvæmt ÍST 85:2012 frá BSI.

Stjórn Stefnis leggur áherslu á að fylgja góðum stjórnarháttum og hefur einsett sér að stuðla að og styðja við ábyrga hegðun og fyrirtækjamenningu innan Stefnis til hagsbóta fyrir alla hagsmunaaðila félagsins.

Stefnir var fyrst íslenskra fyrirtækja til að hljóta viðurkenningu sem „Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum“ að mati Rannsóknarmiðstöðvar um stjórnarhætti árið 2012 og hefur hlotið viðurkenninguna árlega síðan. Stöðugt er unnið að endurbótum og þróun stjórnarháttanna hjá félaginu og er sérstök úttekt á stjórnarháttum af hálfu viðurkennds úttektaraðila liður í því ferli. Frekari upplýsingar um stjórnarhætti félagsins er að finna í stjórnarháttayfirlýsingu með ársreikningi þessum.

Framtíðarhorfur, áhættuþættir í rekstri og atburðir eftir reikningsskil

Framtíðarhorfur eru metnar góðar en rétt er að hafa í huga að ýmsir óvissuþættir tengdir efnahagsþróun innanlands og erlendis, sveiflur á mörkuðum, vaxtaþróun og aðrar ytri aðstæður geta haft áhrif á sjóði og rekstur Stefnis bæði til skemmri og lengri tíma. Dreifð eignasamsetning sjóða í stýringu og breiður tekjugrunnur félagsins minnkar líkur á sveiflum í afkomu þess. Stefnir hefur sýnt fram á aðlögunarhæfni til að mæta breytingum í viðskiptaumhverfinu og nýtur auk þess aðóðs af stærðarhaðkvæmni í rekstri og trausts eiginarhalds.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur þessi er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki, lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og reglur um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á árinu 2025, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess miðað við 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu. Stjórn félagsins og framkvæmdastjóri hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2025 og staðfesta hann með rafrænni undirritun sinni.

Reykjavík, 25. febrúar 2026.

Í stjórn félagsins:

Jón Óttar Birgisson, stjórnarformaður
Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, stórnarmaður
Kristín María Dýrfjörð, stjórnarmaður

Framkvæmdastjóri:

Jón Finnbogason

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Stefni hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Stefnis hf. fyrir árið 2025. Ársreikningurinn er í tveimur hlutum; A-hluti sem er rekstrarfélagið sjálft, og B-hluti, sem inniheldur verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði fyrir almenning. A-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. B-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign, yfirlit um fjárfestingar, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar fyrir verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði fyrir almenning.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins og sjóðanna á árinu 2025, efnahag þeirra 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé félagsins og hreinni eign sjóðanna á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki, lög um verðbréfasjóði, lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Stefni hf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar samanstanda af skýrslu stjórnar, stjórnarháttayfirlýsingu og upplýsingagjöf í samræmi við flokkunarreglugerð Evrópusambandsins.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við gefum ekkert form af staðfestingum eða ályktunum vegna þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Stefnis hf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn og endurskoðunar- og áhættunefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunar- og áhættunefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunar- og áhættunefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Kópavogur, 25. febrúar 2026.

Deloitte ehf.

Gunnar Þorvarðarson
endurskoðandi

Ársreikningur Stefnis hf. fyrir árið 2025 er rafrænt undirritaður af endurskoðanda.

Rekstrarreikningur 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur			
Umsýslu- og árangurstengdar þóknanir	5	2.475.583	2.581.632
Fjármunatekjur	11	98.253	213.697
Heildartekjur		2.573.836	2.795.329
Fjármagnsgjöld	11	(51)	(18.936)
Hreinar rekstrartekjur		2.573.785	2.776.393
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	12	756.355	724.585
Þjónustugjöld til Arion banka hf.		469.492	485.218
Annar rekstrarkostnaður		185.425	200.274
Rekstrargjöld		1.411.272	1.410.077
Hagnaður fyrir tekjuskatt		1.162.513	1.366.316
Tekjuskattur	15	(237.213)	(305.664)
Hagnaður	19	925.300	1.060.652

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Eignir			
Verðbréf með föstum tekjum		0	26.123
Verðbréf með breytilegum tekjum		736.133	1.040.004
Verðbréf samtals	6, 16	736.133	1.066.127
Viðskiptakröfur	8	2.156.617	2.066.614
Kröfur á tengda aðila		192.336	183.997
Kröfur samtals		2.348.953	2.250.611
Handbært fé og ígildi handbærs fjár	9	531.256	642.952
Aðrar eignir		12.235	4.733
Aðrar eignir samtals		543.491	647.685
Eignir samtals		3.628.577	3.964.423
Eigið fé			
Hlutfé		43.500	43.500
Lögbundinn varasjóður		10.875	10.875
Aðrir varasjóðir		124.254	174.327
Óráðstafað eigið fé		2.588.613	2.710.285
Eigið fé samtals	19	2.767.242	2.938.987
Skuldir			
Tekjuskattsskuldbinding		22.117	18.998
Viðskiptaskuldir		12.553	8.452
Skuldir við tengd félög		57.588	58.855
Skuldir við aðra tengda aðila		8.155	9.670
Skattskuld	20	235.828	307.884
Aðrar skammtímaskuldir		525.094	621.577
Skuldir samtals		861.335	1.025.436
Eigið fé og skuldir samtals		3.628.577	3.964.423

Sjóðstreymisyfirlit 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður	19	925.300	1.060.652
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Verðbreytingar verðbréfaeignar	(	25.376)	(108.838)
Gjaldfærður tekjuskattur		237.213	305.664
		1.137.137	1.257.478
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	(	198.054)	(324.019)
Greiddur tekjuskattur	20	(306.150)	(287.685)
Handbært fé frá rekstri		632.933	645.774
Fjárfestingahreyfingar			
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum	(	76.150)	(977.725)
Sala á verðbréfum með breytilegum tekjum		404.495	1.123.495
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum	(	19.177)	(27.271)
Sala á verðbréfum með föstum tekjum		44.578	0
Afborganir verðbréfa með föstum tekjum		1.625	3.196
Fjárfestingahreyfingar		355.371	121.695
Fjármögnunarahreyfingar			
Greiddur arður	19	(1.100.000)	(1.000.000)
Fjármögnunarahreyfingar		(1.100.000)	(1.000.000)
Breyting á handbæru fé			
Handbært fé í ársbyrjun		642.952	875.483
Handbært fé í lok árs	9	531.256	642.952

Reikningsskilaaðferðir

1. Almennar upplýsingar

Stefnir hf. er hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Aðsetur Stefnis er að Borgartúni 19, Reykjavík og kennitala félagsins er 700996-2479.

Stefnir hf. er dótturfélag í eigu Arion banka hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, Reykjavík.

2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Virk áhættustýring og innra eftirlit eru mikilvægir þættir í rekstri félagsins. Mögulegir áhættuþættir eru greindir með skipulögðum hætti og markvisst er unnið að því að treysta alla umgjörð rekstrarfélagsins.

Starfsemi sjóða B-hluta hefur í för með sér margvíslega áhættu, svo sem áhrif breytinga á gengi fjármálagerninga, erlendra gjaldmiðla, greiðsluhæfi skuldara og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun sjóðanna beinist að aðgerðum til þess að stýra þessum áhættuþáttum. Sjóðstjórar sjóðanna leitast við að stýra áhættuþáttum meðal annars með virkri stýringu fjármálagerninga þar sem það á við. Nánari upplýsingar um fjárhagslega áhættuþætti má finna í útboðslýsingum á vefsíðu félagsins.

3. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Stefnis hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki, lög um verðbréfasjóði, lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Ársreikningurinn Hann er byggður á kostnaðarverðreikningsskilum að því undanskildu að verðbréf eru almennt metin á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna.

Ársreikningur félagsins, A-hluti, er hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins og eru upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Hægt er að nálgast samstæðureikninginn á vefnum, www.arionbanki.is.

4. Matsaðferðir

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þessara liða sé gert samkvæmt bestu vitund stjórnenda getur raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

5. Umsýslu- og árangurstengdar þóknarir

Félagið fær eignastýringarþóknun fyrir rekstur verðbréfasjóða, sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta og annarra sérhæfðra sjóða Stefnis hf. Þóknunin reiknast sem fast hlutfall af hreinni eign, heildareignum eða áskriftarloforðum hvers sjóðs og innifelur eftirtalinn kostnað við rekstur sjóðanna; laun starfsmanna rekstrarfélagsins, markaðskostnað og umsýslu. Þá sér rekstrarfélagið um eignastýringu erlendra sjóða sem eru í vörslu erlendra aðila og fær greidda þóknun fyrir. Auk þess fær félagið árangurstengdar þóknarir.

6. Verðbréf

a. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf í eigu rekstrarfélagsins eru veltuverðbréf. Hlutdeildarskírteini eru metin á markaðsverði og eignarhlutir í fjárfestingarfélagum eru metnir á innra virði í lok ársins. Skráð hlutdeildarskírteini eru eignfærð á markaðsverði í lok ársins.

b. Verðbréf með föstum tekjum

Skuldabréf sem skráð eru á skipulögðum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metin á markaðsverði hvers tíma. Með virkum og verðmyndandi markaði er vísað í að dagslokagengi skuldabréfs sé ekki byggt á gömlu viðskiptaverði, viðskiptum með óverulegan hlut af heildarútgáfu skuldabréfaflokks eða endurspegli ekki raunvirði skuldabréfs að mati sérfræðinga. Séu horfur á vanefndum útgefanda skuldabréfs er virði þess metið út frá væntum endurheimtum þar sem meðal annars er horft til forgangskrafna.

Skuldabréf útgefanda sem metinn er rekstrarhæfur en er ekki með virka verðmyndun á skipulögðum verðbréfamarkaði er metið á grundvelli ávöxtunarkröfu. Við mat á hæfilegri ávöxtunarkröfu hvers skuldabréfs er horft til almennrar áhættu og aðstæðna á markaði í lok ársins.

Skýringar, frh.

b. Verðbréf með föstum tekjum, frh.

Við mat skuldabréfs útgefanda sem ekki er metinn rekstrarhæfur er horfið frá aðferðarfræðinni sem lýst er að ofan og skuldabréfið metið út frá væntum endurheimtum (e. expected recovery value) og það vaxtafryst. Við mat á væntum endurheimtum er horft til reynslu af endurheimtum frá sambærilegum félögum, ársreikninga félags og yfirlýsinga frá félaginu sjálfu. Sé útgefandi kominn í greiðslustöðvun, hafi ekki staðið í skilum eða lýst yfir að ekki verði greitt af skuldabréfi eru væntar endurheimtur metnar 0-1% og skuldabréfið fært í innheimtuferli. Ef nýjar upplýsingar berast frá útgefanda skuldabréfs, sem hefur áður verið niðurfært að fullu, er skuldabréfið endurmetið sem gæti leitt til uppfærslu á verðmati. Þegar mikil óvissa ríkir um mat á skuldabréfum geta endanlegar endurheimtur verið verulega frábrugðnar mati í lok ársins.

7. Erlend viðskipti

Viðskipti í erlendum gjaldmiðli eru umreiknuð í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags, skv. gengisveitu Reuters. Erlendar eignir og skuldir eru færðar á gengi í lok ársins.

Eignir í erlendri mynt umfram skuldir nema 349 milljónum króna í lok ársins og greinast þannig:

	EUR	USD	GBP	Aðrar myntir
Eignir	348.439	7.437	153	0
Skuldir	(1.926)	(4.630)	0	0
Nettó staða 31.12.2025	346.513	2.807	153	0
Nettó staða 31.12.2024	480.929	11.956	44	0
Gengi ISK 31.12.2025	147,23	125,19	168,66	
Gengi ISK 31.12.2024	143,88	138,62	173,47	

8. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnvirði að frádreginni virðisrýrnun.

9. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

10. Tekjuskattseign/-skuldbinding

Útreikningur frestaðrar tekjuskattseignar/-skuldbindingar byggist á mismuni efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunur, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna niðurfærslu á kröfum og myntgengismunar sem dreift er á þrjú ár í samræmi við skattalög.

11. Fjármunatekjur / (fjármagnsgjöld)

	2025	2024
Fjármunatekjur greinast þannig:		
Verðbreytingar verðbréfaeignar	9.029	123.134
Myntgengismunur	122	0
Vaxtatekjur	89.102	90.563
Fjármunatekjur samtals	98.253	213.697
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Myntgengismunur	0 (	18.567)
Vaxtagjöld	(51)	(369)
Fjármagnsgjöld samtals	(51)	(18.936)

Skýringar, frh.

12. Laun og tengd gjöld og starfsmannamál	2025	2024
Laun og tengd gjöld greinast þannig:		
Laun	584.915	560.670
Kostnaður vegna kaupréttar starfsmanna	2.954	4.519
Framlag í lífeyrissjóð	87.485	84.121
Önnur launatengd gjöld	81.001	75.275
Laun og tengd gjöld samtals	756.355	724.585
Fjöldi starfsmanna í lok ársins.....	20	20
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu.....	20	23

Á aðalfundi Arion banka hf. þann 16. mars 2022 var stjórn bankans veitt heimild til að gera breytingu á gildandi kaupréttaráætlun bankans og var hún útvíkkuð á þann veg að hún tekur nú einnig til starfsmanna Stefnis. Kostnaður vegna kaupréttaráætlunarinnar nemur 3,0 milljónum kr. fyrir árið 2025 (4,5 milljónir kr. fyrir árið 2024). Vísast til árs- og/eða árshlutareiknings Arion banka hf. vegna frekari útskýringa á kaupréttaráætluninni.

Laun, hlunnindi og mótframlag í lífeyrissjóð stjórnar og framkvæmdastjóra greinast þannig:		
Jón Finnbogason, framkvæmdastjóri	59.953	55.474
Jón Óttar Birgisson, formaður stjórnar	8.245	0
Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, stjórnarmaður	7.275	6.945
Kristín María Dýrfjörð, stjórnarmaður	4.838	0
Sigrún Ragna Ólafsdóttir, fv. formaður stjórnar	4.153	11.843
Guðmundur Jón Jónsson, fv. stjórnarmaður	2.433	6.090
Laun og hlunnindi samtals	86.897	80.352

Á árinu var ekkert gjaldfært vegna launa og launatengdra gjalda í tengslum við starfslok fyrrum starfsmanna. (6,5 milljónir kr. árið 2024)

Laun þriggja lykilstjórnenda námu samtals 105 milljónum kr. á árinu (153,4 milljónir kr. árið 2024 fyrir fimm lykilstjórnendur).

Stjórn félagsins hefur samþykkt starfsreglur um kaupauka í samræmi við þau lög og reglur sem um starfrækslu kaupaukakerfa fjármálastofnana gilda. Áætlaður kaupauki til greiðslu vegna ársins 2025 nemur 96,8 milljónum kr., að launatengdum gjöldum meðtöldum (109,8 milljónir kr. árið 2024). Greiðslu 40% kaupaukans er frestað um þrjú ár nemi hann hærri fjárhæð en 10% af árslaunum starfsmanns án kaupauka í samræmi við reglur FME. Í lok árs var uppsöfnuð skuldbinding vegna kaupaukakerfis 163,3 milljónir kr. (173,8 milljónir kr. í árslok 2024).

13. Þóknarir til endurskoðenda	2025	2024
Endurskoðun ársreiknings	16.524	18.728
Könnun árshlutareiknings	4.733	4.883
Önnur þjónusta og útlagður kostnaður	2.991	3.268
	24.248	26.879

Skýringar, frh.

14. Leigusamningur

Í gildi er samningur milli Stefnis hf. og Arion banka hf. um leigu á atvinnuhúsnæði. Samningurinn var undirritaður í desember 2012. Nánar tiltekið er hið leigða skrifstofurými á 3. hæð fasteignarinnar að Borgartúni 19. Leigutími er ótímasettur samkvæmt samningi og uppsagnartími er enginn.

Leigugjald vegna samningsins árið 2025 nam 30,2 milljón króna og er það í samræmi við samning þar um. Leigan er gjaldfærð meðal annars rekstrarkostnaðar í rekstrarreikningi félagsins. Samsvarandi greiðsla fyrir árið 2024 nam 28,4 milljónir króna.

15. Tekjuskattur

	2025	2024
Tekjuskattur til greiðslu	235.828	307.884
Leiðrétting frá fyrra ári	(1.734)	(1.335)
Breyting á tekjuskattsskuldbindingu	3.119	(885)
Tekjuskattur samtals	237.213	305.664

16. Verðbréf

	31.12.2025	31.12.2024
Verðbréf með föstum tekjum skráð á skipulegan verðbréfamarkað:		
Útgefin af opinberum aðilum	0	26.123
	0	26.123
Verðbréf með breytilegum tekjum eru óskráð og greinast þannig:		
Eignarhlutir í hlutafélögum	5.185	500
Eignarhlutir í sérhæfðum sjóðum	191.920	245.465
Hlutdeildarskírteini	539.028	794.039
	736.133	1.040.004
Verðbréf samtals	736.133	1.066.127

17. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar Stefnis hf. eru móðurfélagið, Arion banki hf. ásamt dóttur- og hlutdeildarfélögum bankans, sjóðir í rekstri, stjórn og lykilstjórnendur Stefnis.

Engin óvenjuleg viðskipti voru við tengda aðila á árinu. Viðskipti við tengda aðila eru á grundvelli þjónustusamninga og eru verðlögð eins og um ótengda aðila væri að ræða.

Stefnir greiðir Arion banka fyrir vörsluþjónustu auk þess sem Stefnir hefur útvistað verkefnum til Arion banka. Helstu útvistuðu verkefni eru útivistun innri endurskoðunar, regluvarsla, upplýsingatækniþjónusta, bókhalds- og uppgjörspjónusta, tiltekin verkefni til viðskiptabankasviðs auk fleiri þátta. Mikilvæg útivistun er tilkynnt Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands.

Viðskipti við tengda aðila 2025

	Tekjur	Gjöld	Kröfur/Eignir	Skuldir
Samstæða Arion banka	44.545	585.640	531.256	57.588
Sjóðir í rekstri Stefnis	1.976.766	0	192.336	8.155
	2.021.310	585.640	723.592	65.743

Viðskipti við tengda aðila 2024

	Tekjur	Gjöld	Kröfur/Eignir	Skuldir
Samstæða Arion banka	40.980	593.341	642.952	58.855
Sjóðir í rekstri Stefnis	1.849.831	0	183.997	9.670
	1.890.811	593.341	826.949	68.525

Skýringar, frh.

18. Eignir í stýringu

Eignir viðskiptamanna í sjóðum Stefnis hf. námu 379 milljörðum króna í lok ársins samanborið við 336 milljarða króna í lok árs 2024.

19. Eigið fé

- a. Hlutfé félagsins er 43,5 milljónir kr. í lok ársins og er óbreytt frá árslokum 2024 þar sem hver hlutur nemur 1 krónu.

- b. Yfirlit um breytingar á eigin fé:

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Aðrir varasjóðir	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2024	43.500	10.875	173.165	2.646.274	2.873.814
Úthlutaður arður	0	0	0	(1.000.000)	(1.000.000)
Hagnaður	0	0	0	1.060.652	1.060.652
Gangvirðisreikningur	0	0	767	(767)	0
Kaupréttir starfsmanna	0	0	395	4.126	4.521
Eigið fé 31.12.2024	43.500	10.875	174.327	2.710.285	2.938.987
Eigið fé 1.1.2025	43.500	10.875	174.327	2.710.285	2.938.987
Úthlutaður arður	0	0	0	(1.100.000)	(1.100.000)
Hagnaður	0	0	0	925.300	925.300
Gangvirðisreikningur	0	0	(46.398)	46.398	0
Kaupréttir starfsmanna	0	0	(3.675)	6.630	2.955
Eigið fé 31.12.2025	43.500	10.875	124.254	2.588.613	2.767.242

Samkvæmt lögum um ársreikninga nr. 3/2006 skal færa matsbreytingar á fjármálgerningum tilgreindum á gangvirði, að teknu tilliti til skattaáhrifa eftir því sem við á, við upphaflega skráningu af óráðstöfuðu eigin fé á gangvirðisreikning meðal eigin fjár. Óheimilt er að úthluta arði af slíkum gangvirðisreikningi. Leysa skal gangvirðisreikning upp til jafns við framkomnar breytingar á viðkomandi eign eða skuldbindingu þegar hún er seld eða innleyst eða forsendur fyrir matsbreytingu eru ekki fyrir hendi. Gangvirðisreikningur telst til annarra varasjóða í efnahagsreikningi.

- c. Arðsemi eigna er reiknuð sem hlutfall hagnaðar eftir skatta og meðalstöðu eigna á árinu skv. efnahagsreikningi. Arðsemi eigna nam 24,4% fyrir árið 2025. Arðsemi eigna félagsins fyrir árið 2024 nam 28,1%.

- d. Eigið fé í lok árs er 2.767 milljónir kr. eða 76,3% af niðurstöðu efnahagsreiknings.

Eiginfjárhlutfall rekstrarfélagsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 62,7% en lágmarks eiginfjárhlutfall er 8% samkvæmt lögum.

Hlutfallið reiknast þannig:

	31.12.2025	31.12.2024
Heildar eigið fé	2.767.242	2.938.987
Eiginfjárgrunnur	2.767.242	2.938.987

Heildar eiginfjárfækka greinist þannig:

Útlánaáætla	264.096	285.843
Markaðsáætla	27.958	39.434
Eiginfjárfækka samtals	292.054	325.277
Eiginfjárfækka miðað við fastan rekstrarkostnað	352.818	352.519
Eiginfjárhlutfall í samræmi við ákvæði laga um fjármálafyrirtæki	62,7%	66,7%

Skýringar, frh.

20. Tekjuskattsskuldbinding	31.12.2025	31.12.2024
Tekjuskattsskuldbinding breytist þannig:		
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	(326.882)	(308.903)
Leiðrétting vegna fyrra árs	1.734	1.335
Reiknaður tekjuskattur	(230.679)	(285.247)
Reiknaður fjársýsluskattur ársins	(8.268)	(21.752)
Greiddur tekjuskattur	306.150	287.685
Tekjuskattsskuldbinding í lok ársins	(257.945)	(326.882)
Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig:		
Tekjuskattur til greiðslu	(227.560)	(286.132)
Fjársýsluskattur til greiðslu	(8.268)	(21.752)
Frestuð tekjuskattsskuldbinding	(22.117)	(18.998)
Tekjuskattsskuldbinding í lok ársins	(257.945)	(326.882)
Frestuð tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig á milli liða:		
Frestað gengistap	1.199	3.462
Varúðarniðurfærsla krafna	(23.316)	(22.460)
Frestuð tekjuskattsskuldbinding í lok ársins	(22.117)	(18.998)
Skattskuld skiptist þannig á milli liða:		
Reiknaður tekjuskattur	227.560	285.247
Sérstakur fjársýsluskattur	8.268	22.637
Skattskuld í lok ársins	235.828	307.884
21. Eignarhald sundurliðast þannig:	31.12.2025	31.12.2024
Hluthafar Stefnis hf. sem eiga meira en 1% hlut greinast þannig:		
Arion banki hf.	99,93%	99,93%
Hluthafar Arion banka:		
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	9,56%	9,06%
Gildi lífeyrissjóður	9,55%	9,17%
LSR - Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	9,24%	8,79%
Brú lífeyrissjóður	5,22%	5,31%
Stoðir hf.	5,07%	5,29%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	4,07%	3,60%
Vanguard	3,97%	3,59%
Birta lífeyrissjóður	2,97%	3,15%
Stapi lífeyrissjóður	2,92%	3,02%
Festa lífeyrissjóður	2,61%	2,25%
Hvalur hf.	2,59%	2,43%
Arion banki hf.	2,59%	6,65%
Lífsværk lífeyrissjóður	2,06%	1,51%
Almennir lífeyrissjóðurinn	1,81%	1,63%
Sjóðir í rekstri Stefnis	1,73%	2,08%
Íslandsbanki hf.	1,44%	1,52%
Landsbréf hf.	1,05%	0,94%
Íslandssjóðir	0,91%	1,01%
Aðrir	30,64%	29,00%
	100,00%	100,00%

Stjórnarháttayfirlýsing Stefnis hf. 2026

Inngangur

Stjórn Stefnis hf. leggur áherslu á góða stjórnarhætti og telur þá vera veigamikinn þátt í árangri félagsins sem leiðandi sjóðastýringarfyrirtækis á Íslandi. Stjórnarhættir sjá fyrirtækjum fyrir ramma þar sem markmið eru skilgreind, hvaða töl skulu notuð til að ná þeim markmiðum og hvernig árangur markmiðanna er mældur. Góðir stjórnarhættir eiga að stuðla að réttum hvötum stjórnar og stjórnenda til að sækja þau tækifæri sem þjóna hagsmunum fyrirtækisins, hluthafa og almennings, jafnframt því sem góðir stjórnarhættir auðvelda einnig stjórn að sinna eftirlitshlutverki sínu á skilvirkan hátt.

Með þessari yfirlýsingu um stjórnarhætti Stefnis er félagið að fylgja þeim kröfum sem koma fram í viðurkenndum leiðbeiningum sem eru til staðar á þeim tíma sem ársreikningur þessi er samþykktur af stjórn félagsins með vísan til 66 gr. c. laga nr. 3/2006, um ársreikninga. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, 6. útgáfa, útgefnar af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq OMX Iceland hf. og meginreglur G20/OECD um stjórnarhætti fyrirtækja frá 2015 voru sérstaklega hafðar til hliðsjónar þegar yfirlýsing um stjórnarhætti Stefnis var samin. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja má nálgast á [leidbeiningar.is](https://www.oecd.org/daf/ca/Corporate-Governance-Principles-ENG.pdf) og meginreglur G20/OECD um stjórnarhætti fyrirtækja má finna á <https://www.oecd.org/daf/ca/Corporate-Governance-Principles-ENG.pdf>.

Stefnir var á árinu 2012 fyrst íslenskra fyrirtækja til að hljóta viðurkenninguna „Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum“. Viðurkenningin var fyrst veitt af Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands að undangenginni úttekt endurskoðunarfyrirtækisins KPMG. Stefnir hefur hlotið endurnýjun viðurkenningarinnar með reglubundnum hætti og er eins og áður til fyrirmyndar á Íslandi þegar kemur að góðum stjórnarháttum.

Stefnir hf. er sjálfstætt starfandi fjármálastofnun skv. lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Félagið starfar á grundvelli starfsleyfa frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands sem rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt heimild í lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða samkvæmt heimild í lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Auk þess tekur starfsleyfi rekstrarfélagsins til eignastýringar, fjárfestingaráðgjafar og vörslu og umsýslu hlutdeildarskírteina eða hluta sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Stefnir er með um 379 milljarða króna í sjóðastýringu í árslok 2025. Hjá Stefni starfa 22 einstaklingar með fjölbreytta þekkingu og reynslu á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum.

Stefnir sætir eftirliti af hálfu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands skv. lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Stefnir er dótturfélag Arion banka hf. og er að fullu í eigu bankans og tengds félags. Stjórnarháttayfirlýsing Stefnis er liður í að stuðla að opnum, gagnsæjum og traustum samskiptum stjórnar, hluthafa og annarra hagaðila, en þá má m.a. skilgreina sem; eigendur í sjóðum sem Stefnir rekur, aðila sem þjónusta og koma að rekstri Stefnis, starfsfólk, auk almennings.

Lýsing á meginþáttum innra eftirlits, áhættustýringar og reikningsskila

Áhættustýring og virkt innra eftirlit er ein af meginstoðum ábyrgs reksturs sjóðastýringarfyrirtækis. Stjórn staðfesti áhættustefnu félagsins um mitt ár 2025. Í áhættustefnunni segir m.a.:

„Í starfsemi félagsins skal áhætta greind, mæld og metin auk þess að vera undir eftirliti samkvæmt þeim viðmiðum sem sett eru í starfseminni hverju sinni. Áhættuvilja stjórnar Stefnis skal miðlað til starfsfólks og vera hluti af upplýstri ákvarðanatöku í félaginu.“

Með því að setja fram skýra áhættustefnu vill stjórnin ýta undir og styðja við fyrirtækjamenningu innan Stefnis, sem einkennist af ríkri áhættuvitund.

Áhættuvilji félagsins hefur verið skilgreindur og var sú vinna byggð á alþjóðlegum fyrirmyndum sem aðlagðar voru að íslenskum aðstæðum og félaginu. Endurskoðunar- og áhættunefnd félagsins tók þátt í undirbúningsvinnu við skilgreiningu á áhættuviljanum og þolmörkum hans. Stjórn Stefnis tekur árlega áhættuvilja félagsins til endurskoðunar með tilliti til breytinga í innra og ytra umhverfi félagsins.

Stjórnarháttayfirlýsing Stefnis hf. 2025, frh.

Áhættustjóri Stefnis ber ábyrgð á greiningu og mati á fjárhagslegum áhættum og rekstraráhættum félagsins. Áhættustjóri tekur virkan þátt í mótun áhættustefnu og áhættuvilja og hefur aðkomu að viðameiri ákvörðunum um áhættustýringu. Regluvörður, innri endurskoðandi og áhættustjóri kynna reglulega niðurstöður úttekta fyrir stjórn Stefnis og endurskoðunar- og áhættunefnd. Allar eftirlitsaðgerðir eru skjalaðar, farið er yfir þær með reglubundnum hætti af þeim aðilum sem sinna eftirliti þ.m.t. áhættustjóra og er endurskoðunar- og áhættunefnd kynnt framvinda eftirlitsaðgerðanna. Regluvörslu og innri endurskoðun er útvistað með leyfi Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands til Arion banka og starfa aðilarnir samkvæmt erindisbréfi frá stjórn Stefnis.

Uppbygging og skipulag stjórnarháttanna eru lykilþættir í að stuðla að skilvirkri stjórnun félagsins, aðskilnaði starfa og til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Stjórnarháttir Stefnis hafa verið metnir og telur stjórn að félagið starfi eftir þeim viðmiðum sem þar eru sett fram sem besta framkvæmd varðandi stjórnarhátti.

Stefnir hefur innleitt stefnu um hagsmunaárekstra. Markmið stefnunnar er að vernda viðskiptavinum, og sjóðfélaga, auk þess að standa vörð um óhæði og orðspor félagsins og starfsfólks þess. Stefnan gildir um stjórn jafnt og starfsfólk og í stefnunni felst að félagið geri allar tiltækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni sjóðfélaga. Á vefsíðu Stefnis má finna útdrátt úr stefnunni auk annarra reglna sem snúa að takmörkun á hagsmunaárekstrum s.s. reglum um verðbréfavíðskipti starfsfólks Stefnis.

Gerð reikningsskila félagsins eru í höndum fjármálasviðs Arion banka, en Stefnir hefur fengið leyfi Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands fyrir útvistun til sviðsins. Arion banki er jafnframt vörslufyrirtæki Stefnis og eru gengisútreikningar sjóða í rekstri Stefnis í höndum bankans. Endurskoðunar- og áhættunefnd tekur uppgjör félagsins til skoðunar og fær álit ytri endurskoðanda á hálfárs og ársuppgjörum Stefnis og þeirra sjóða sem Stefnir rekur. Skýrslugjöf til stjórnar vegna reikningsskila er í höndum nefndarinnar en stjórn hittir einnig ytri endurskoðendur félagsins, Deloitte.

Gildi og samfélagsábyrgð

Í stefnumótunarvinnu sem lokið var á árinu 2023 voru áherslur í rekstri Stefnis til næstu ára ákveðnar. Stjórn og starfsfólk tóku virkan þátt í vinnunni og voru fjöldi lykilmælikvarða ákveðnir sem styðja við og efla Stefni sem leiðandi sjóðastýringarfélag á Íslandi. Stefnumótun og áherslur félagsins voru ítraðar á árinu 2025. Ljóst er að áherslur félaga sem vinna í jafn kvikum heimi líkt og sjóðastýring er, er að stöðugt þarf að endurskoða stefnu og áherslur sjóða og félagsins til að mæta þörfum viðskiptavina.

Tilgangur, sýn og gildi Stefnis voru ákveðin í janúar 2026 og eru þau nú sameiginleg hjá allri Arion samstæðunni. Tilgangur samstæðunnar er *Við virkjum kraftinn* en eitt það mikilvægasta sem við gerum er að miðla fjármagni frá þeim sem eiga það til þeirra sem þurfa það, til þess að ávaxta fjármunina ásamt því að láta hugmyndir og drauma verða að veruleika. Einnig ætlum við að tryggja það sem skiptir fólki og fyrirtæki máli og skapa svigrúm og hugrekki til athafna og velsældar. Viðskiptavinir okkar hafa fjölbreytt og ólík markmið sem eru birtingarmynd þess metnaðar og krafts sem í þeim býr. Með því að sinna okkar hlutverki greiðum við fyrir því að hugmyndir verði að veruleika og að sá kraftur sem er allt í kringum okkur virkist.

Tilgangur okkar felur í sér trú á það umhverfi sem við störfum í. Trú á að fólk búi yfir krafti, hugmyndum og draumum sem eru þess virði að leggja lið og gera að veruleika, samfélaginu öllu til góða. Við viljum virkja kraft viðskiptavina okkar, kraft efnahagslífsins, kraft kvenna, kraft umhverfisins, kraft samfélagsins alls, kraft okkar sjálfra og svo mætti áfram telja.

Sýn okkar er *Saman ætlum við að vera best í að mæta þörfum viðskiptavina okkar – leiðandi fyrirtæki sem eru drifkraftur árangurs*. Þessi sameiginlega sýn allra félaga í samstæðunni lýsir því hvar við viljum vera að nokkrum árum liðnum og er leiðarljós starfsfólks í þeirri vegferð.

Gildin okkar eru fimm og eru þau leiðbeinandi við ákvarðanatöku en einnig í öllu sem við gerum og segjum. Þannig hjálpa þau okkur að skilja til hvers er ætlast af hverju og einu okkar – og hópnum sem heild.

Gildin eru *finnum lausnir, vinnum saman, komum hreint fram, sýnum frumkvæði og erum framsýn*.

Stjórn samþykkti siðareglur árið 2025 sem endurspeglar þau siðferðisviðmið sem stjórn og starfsfólk vinna eftir en önnur viðmið um sama efni má einnig finna í ráðningarsamningum starfsfólks, stefnu um hagsmunaárekstra og starfsreglum stjórnar.

Stjórnarháttayfirlýsing Stefnis hf. 2025, frh.

Stefna um sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð var samþykkt af stjórn 2025. Stefnan lýsir sjálfbærniáherslum Stefnis til lengri tíma og hvernig félagið tileinkar sér sjálfbærni í starfsemi þess og við stýringu fjármuna samkvæmt umboðsskyldu félagsins. Stefnuna má finna á vefsíðu Stefnis.

Í stefnu félagsins um fjölbreytileika, jafnrétti og þátttöku sem samþykkt var 2025 koma fram þau viðmið sem stjórn hefur sett félaginu hvað varðar fjölbreytileika og jafnrétti. Stjórn Stefnis samþykkti endurskoðaða stefnu um ábyrgar fjárfestingar í september 2025 og unnið hefur verið eftir stefnunni við stýringu sjóða. Stefnan lýsir umgjörð Stefnis vegna samþættingar, umhverfismála, félagslegra þátta, góðra stjórnarhátta (UFS) og sjálfbærni við fjárfestingarákvarðanir. Stefnan byggir meðal annars á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2019/2088 um sjálfbærni tengda upplýsingagjöf í fjármálaþjónustu (SFDR).

Stefnir er aðili að PRI (e. Principles for Responsible Investment) og skuldbindur sig þar með til að veita upplýsingar um hvernig tekið er tillit til umhverfisþátta, félagslegra þátta og stjórnarhátta við stýringu fjárfestinga. Félagið er stofnaðili að samtökunum Iceland SIF, sem stofnuð voru árið 2017. Iceland SIF er sjálfstæður vettvangur fyrir umræður og fræðslu um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar. Starfsfólk félagsins er virkt í starfi IcelandSIF og er einn starfsmaður félagsins í stjórn samtakanna og annar formaður fræðslunefndar samtakanna.

Stjórn

